MIÐSVÆÐI – GREININGAR











6 Miðsvæði

Svæðið sem verkefnið byggir á tilheyrir að mestu leyti miðsvæði sem skilgreint var í verkefni 4, en snertir einnig jaðar svæði 4 sem tilheyrir iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.

530 Íbúar

Alls voru **115** íbúar sem bjuggu í Melahverfi árið 2013. Gert er ráð fyrir aukningu í Aðalskipulagi og reiknað með **530** íbúum þegar hverfið er fullbyggt.
Í Melahverfinu er stjórnsýsluhús sveitarfélagsins og þar er starfræktur einn leikskóli.

2 Hæðir

Í deiliskipulagi er ekki gert ráð fyrir hærri byggingum en 2ja hæða.

O1 Opið svæði

O1 er skilgreint í deiliskipulagi sem opið svæði til sérstakra nota – Þar er fyrirhuguð skjólbeltarækt.
O2 er einnig opið svæði til sérstakra nota en fyrirhugað sem leiksvæði barna.

H_2O Votlendi

Landsvæðið er skilgreint votlendi og hefur mikið af landinu verið ræst fram. Lítið af því er þó nýtt undir ræktun en sunnan **Eiðisvatns** er þó nokkur hrossabeit.
Tenging er við **Grunnafjörð** yfir Þjóðveg 1. Þar eru friðlýstar leirur með fjölskrúðugu fuglalífi.

ANA Vindátt

Ríkjandi vindátt er Austnorðaustan átt, og er svæðið frekar opið fyrir vindum þar sem lítið er um hávaxinn gróður til að bremsa af þann vind sem kemur úr Hvalfjarðarbotninum. Önnur veðurathugunarstöð er við Þyril og mælist ríkjandi vindátt yfir sama tímabil hrein austanátt.

Mkv. 1:10.000

Grunnmynd sem sýnir helstu greiningar frá verkefni 4 auk þeirra þátta sem skipta máli við áframhaldandi hönnunarvinnu.

A Byggð

Ósamþykktur deiliskipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir nýju hverfi sunnanmegin í Melahverfinu.

B Þynningarsvæði

Þynningarmörk iðnaðarsvæðisins á Grundartanga þar sem mengun getur farið yfir leyfileg heilsufarsleg mörk. Ekki er æskilegt að byggja eða rækta neitt innan þessara marka.

C Sjónlína

Frá Melahverfinu eru margar fallegar sjónlínur. Þetta er sú neikvæðasta af þeim öllum. Spillir þar helst álver og aðrar verksmiðjur sem staðsettar eru á Grundartanga.

D Raforkulínur

Frá Sultartangavirkjun liggja 400kW raforkulínur að Brennimel og iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Helgunarsvæði 400kW háspennulína er 75-90m og ekki æskilegt að gróðursetja mikinn gróður á því svæði.

E Skógrækt

Mjög einsleitur og tilbreytingarlaus skógur.

MIÐSVÆÐI – SVIÐSMYNDIR

S Styrkleikar

Hverfið er miðsvæðis.
Stjórnsýsla sveitarfélagsins.
Leikskóli.
Eiðisvatn.
Stutt í skógrækt í hlíðum Akrafjalls.

V Veikleikar

Vöntun á almennri þjónustu.
Iðnaðarsvæði áberandi.
Raforkulínur mjög sýnilegar í umhverfinu.
Lítið skjól – svæðið er mjög opið.
Nálægð við þjóðveg 1.

Ó Ógnanir

Aukin umsvif á iðnaðarsvæði.
Mengun.

T Tækifæri

Votlendi sem hægt er að endurheimta með skemmtilegum útfærslum.
Aðstaða til útivistar við Eiðisvatn.
Aukin skógrækt á svæðinu.

1 Svæði við Melahverfi

Svæði 1 er staðsett við Melahverfi. Sunnan megin við hverfið er sléttlendi og mýrlendi. Einhver mynd er af gisnu skjólbelti vestanmegin við hverfið.

2 Svæði við Grundartanga

Svæði 2 er staðsett vestan megin við Grundartanga á milli iðnaðarsvæðis og Eiðisvatns. Þar er fremur einsleit skógrækt.

NEIkvæð sviðsmynd

Myndirnar til hliðar sýna svæðin miðað við framþróun sem er neikvæð. Aukning í uppbyggingu iðnaðarsvæðis. Aukin þörf fyrir húsnæði en áhrif mengunar mun einnig eyðileggja svæðið.

JÁkvæð sviðsmynd

Jákvæð sviðsmynd byggir á þeim greiningum og tækifærum sem eru á svæðinu.
Samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarhrepps eru markmiðin þau að **umhverfisgæði** verði höfð að leiðarljósi og að stuðlað sé að **heilsuvænlegum** lífstíl.
Hönnun svæðisins leggur útfrá þessum tveimur þáttum og að sátt sé sköpuð milli umhverfisins og þeirra sem þar dvelja.

1 Svæði við Melahverfi

Svæði við mela verður klætt betur með gróðri en þó án þess að ganga mikið á votlendi. Votlendi verði endurheimt og skurðir hverfa og hannaður votlendisgarður þar sem sálfræðileg endurheimt getur átt sér stað. Göngustígar tengja hverfið við vatnið og votlendisgarðinn.

2 Svæði við Grundartanga

Svæðið vestanmegin við Grundartanga verður hækkað upp og síðan klætt með skógi þar sem útplöntun er óregluleg og blönduð.



MIÐSVÆÐI – JÁKVÆÐ FRAMÞRÓUN



1 Svæði - Melahverfi

Blandaður skógar – og skjólbeltajaðar.
Göngustígar um hverfið.
Votlendisgarður með tengingu við Eiðisvatnið.
Timburbrýr í votlendi.
Göngubrú með tengingu yfir í Skógræktarreit Skilmannahrepps.
Skógrækt sem tengir sig yfir í skógræktarreit við Grundartanga með blönduðum trjám, bæði lauffellandi og sígrænum og einnig blönduðum runnagróðri við jaðrana.

0 125 250 375 500 m

Stofnvegur | Raforkulínur | Íbúabyggð | Tjarnir og stöðuvötn
Aðrir vegir | Hæðarlínur | Þynningarsvæði | Ár og lækir
Göngustígar | Nýjar hæðarlínur | Blandaður skógur

1 Svæði

Mkv. 1:5000



2 Svæði

Mkv. 1:5000

Svæðið er hækkað upp og síðan er skógurinn lagaður og gerður meira blandaður og fjölbreyttur.

0 125 250 375 500 m

Stofnvegur | Raforkulínur | Íbúabyggð | Tjarnir og stöðuvötn
Aðrir vegir | Hæðarlínur | Þynningarsvæði | Ár og lækir
Göngustígar | Nýjar hæðarlínur | Blandaður skógur